**Alþingi**
**Erindi nr. Þ 127/399**
**komudagur 7.12.2001**

Alþingi
Nefndasvíð Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Dagsetning: 5. desember 2001

Tilvísun: HJ/01.1
*Tilv. 2001110150*

**Efni: Varðar áfengislög**

Vísað er til bréfs dags. 27. nóvember 2001. Í þrjá áratugi hafa efni og tæki til víngerðar verið föl almenningi. Nokkrar verslanir hafa sérhæft sig á þessu sviði. Eigi eru dæmi um sérstök afskipti löggæslumanna af þessari starfsemi. Með vísun til þessa verður eigi séð, að lögleg gerð vína til eigin neyslu með þeim takmörkunum, sem taldar eru í frumvarpi því, er hér um ræðir, muni auka þá truflun, sem ÁTVR býr við af völdum heimabruggs.

Gerð vína til eigin nota er leyfð í Noregi og er án afskipta áfengiseinkasölu og tollyfirvalda. Sé það vilji löggjafans að heimagerð vín verði án áfengisgjalds þarf að breyta lögum nr. 96/1995 um gjald af áfengi.

Virðingarfyllst,
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Höskuldur Jónsson

**Afrit:** Fjármálaráðuneytið

SKRIFSTOFUR
STUÐLAHÁLSI 2 110 REYKJAVÍK
SÍMI 560 7700 FAX 560 7757
www.atvr.is • atvr@atvr.is
ÁTVR